

Jafnréttisáætlun Tjörneshrepps

Jafnréttisáætlun Tjörneshrepps byggir á lögum nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem sveitarfélagið veitir íbúum.

Inngangur

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í sveitarfélaginu og að hvetja íbúa þess til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Þetta á við um menntun, atvinnu- og félagslíf.

Jafnréttismál heyra til félagsmála Tjörneshrepps. Til þess að framfylgja jafnréttisáætlun og framfylgja verkefnum á sviði jafnréttismála skal gert ráð fyrir framlagi á fjárhagsáætlun á ári hverju.

Jafnréttisnefnd Tjörneshrepps fer með í umboði sveitastjórnar þau málefni er varða jafnrétti kvenna og karla og ber ábyrgð á framgangi áætlunarinnar f.h. sveitastjórnar, samkv. lögum nr. 96/2000,

Framkvæmd og umfang

Jafnréttisáætlunin nær til alls stjórnkerfis sveitarfélagsins og starfsmanna þess. Þá eru forsvarsmenn annarra fyrirtækja og stofnana í sveitarfélaginu hvattir til að nýta sér áætlunina.

Menntun og skólastarf

Kynjasambættingar skal gætt við stefnumótun og áætlanagerð í í skóla- og uppeldisstarfi þá skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál.

Því er beint til yfirvalda grunnskóla að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.

Nefndir og ráð

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Tjörneshrepps skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki lægra en 40% hjá því kyni sem hallar á þegar fleiri en 3 eiga sæti í viðkomandi nefnd.

Jafnræði á vinnustöðum

Á vinnustöðum skal eftir föngum tryggja jafnræði kynjanna. Stjórnendur stofnana skulu gæta þess að jafnrétti endurspeglis í ákvörðunum þeirra við ráðningar og uppsagnir starfsfólks, tilfærslur í störfum og viðfangsefnum þeim er starfsmönnum er ætlað að sinna.

Kynbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni, sbr. 22 gr. laga nr. 10/2008,

er með öllu óheimil á vinnustöðum sveitarfélagsins. Starfsmenn sveitarfélagsins og forsvarsmenn bera ábyrgð á að þess sé gætt að starfsfólk verði ekki fyrir kynferðislegu áreitni né kynbundnu áreitni. Verði uppvíst um slíka hegðun ber að gera viðkomandi yfirmanni eða trúnaðarmanni viðvart og skal endir bundinn á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

Stjórnkerfi

Stöður hjá sveitarfélaginu skulu ávallt auglýstar lausar til umsóknar. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið við stöðuveitingar.

Við ákvörðun launa og fríðinda skal meta til jafns mismunandi starfssvið, reynslu og menntun karla og kvenna.

Starfsfólk Tjörneshrepps skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma þar sem því verður við komið. Þannig skal starfsfólki gert auðveldara að samræma starf og fjölskylduábyrgð.

Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitastjórnar.

Starfsmönnum sveitarfélagsins skal standa til boða aðstoð jafnréttisnefndar í jafnréttismálum. Einnig skal nefndin leiðbeina íbúum við kærur til kærunefndar jafnréttismála.

Kynning á jafnréttisáætlun og endurskoðun

Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt öllum nefndum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins. Þá skal jafnréttisáætlunin send öllum íbúum Tjörneshrepps og vera til staðar hjá oddvita sveitafélagsins.

Áætlunina skal endurskoða að fjórum árum liðnum.

Samþykkt á fundi Jafnréttisnefndar Tjörneshrepps 15. apríl 2019

Samþykkt á fundi hreppsnefndar Tjörneshrepps 16. apríl 2019

